



## Anhydrit flotíögn

### 1. LÝSING

Anhydrit flotíögn frá BM Vallá ehf. byggir á Calsiumsúlfati eða gífsi í stað sements. Saman við bindiefnið er bætt sérvöldum sandi < 6 mm og íblöndunarefnum. Ílögnin leggur sig næstum sjálf og gefur slétt yfirborð. Anhydrit íögn er afhent eins og önnur steypa í steypubíl og dælt með meðfærilegri dælu.

Ílögnina má nota ofan á steypu en best hentar hún ofan á einangrun því þar vill sementsbundin íögn rýrna og vinda sig. Ekki má setja járn í anhydrit.

### 2. NOTKUNARSVIÐ

Hægt er að leggja anhydrit flotíögn ofan á nær öll möguleg gólf innanhúss:

- Beint á steypu
- Á steypu með plastfilmu milli steypu og ílagnar
- Á einangrun og plast
- Á gólf með hitarörum á

Ílögnin hentar mjög vel í íbúðum, skrifstofum, verslunum og hótelum. Hún á hins vegar ekki við utanhúss eða á stöðum sem stöðugt eru rakir eða geta verið blautir um langan tíma.

#### 2.1 Anhydrit lagt beint á steypu

Ílögnin verður annað hvort að vera alls staðar föst niður eða öll laus þ.e. annað hvort er sett t.d. plastfilma milli steypunnar og ílagnarinnar eða tryggt er að hún festist vel niður.

Gæta þarf að því að steypan sem lagt er á sé:

- Nægjanlega sterk

- Laus við olíu, lausa sementsefju, ryk, vatn og annað sem gæti minnkað binding
- Laus við sprungur sem efnið getur runnið í
- Ekki sjúgandi. Það veldur bólum í yfirborði og hægir á rennsli. Grunna þarf steypuna með heppilegum grunni. Lágmarksþykkt ílagningar ofan á steypu er 30 mm.

## 2.2 Plastfilma milli steypu og ílagningar

Plastfilma (eða önnur efni) eru oft sett á milli þegar steypan af einhverjum ástæðum er ekki hæf að taka við ílögninni. Þá er ílögnin alveg óbundin frá undirlaginu og hreyfist sem heild. Þetta er oft hagkvæm leið þegar verið er að gera við gömul gólf.

Mikilvægt er að undir plastinu (eða öðru efni sem hugsanlega er valið) sé þurr og hreint. Stærri sprungum þarf að loka og jafna þarf út öllum mishæðum svo undirlagið undir ílögnina sé jafnt.

Plastið þarf að vera lagt þannig að ekki sé hætt á að vatn eða ílögnin renni þar í gegn.



Við veggi, súlur eða hitarör þarf að setja anhydritlista (> 8mm). Þykkt anhydritlistans ræðst af stærð herbergis sem lagt er og skal vera nógu þykkur til að taka áhrif bólgunnar og hitabreytinga. Anhydritið bólgnar um ca 0,15 mm/ m á fyrstu dögum áður en þornun hefst. Hún þenst vegna hita sem samsvarar 0,012 mm/ m C.

## 2.3 Anhydrit lagt á einangrun

Aukin krafa um hljóðeinangrun milli hæða hefur leitt af sér aukinn fjölda gólfa með einangrun. Anhydrit hentar mjög vel ofan á slík gólf vegna þess hve lítil rýrnun er í efninu og hve lítið það vindur sig. Plast þarf að leggja ofan á einangrunina til að hindra að ílögnin renni ofan í einangrunina. Eins og áður þarf að slíta ílögnina frá veggjum með anhydritlista til að hindra ekki hreyfingar ílagningarinnar og vegna hljóðleiðni.

Lágmarksþykkt ílagningarinnar er 40 mm þar sem notalagið er 1,5 KN/ m<sup>2</sup> en meiri þykkt þarf ef álagið er meira. Til að holhljóð heyrir ekki þarf hún að vera amk 50mm.

**Pungar innréttingar má ekki setja ofan á ílögnina og innveggir skulu ganga niður í gegnum ílögnina. Þar þarf að gæta þess eins og við útveggi að setja anhydritlista til að hindra hljóðleka.**

## 2.4 Anhydrit á gólf með hitalögnum

Þykkt ílagningarinnar þarf að vera lágmark 25 til 45 mm eftir aðstæðum til að ekki sé hætt á sprungum.

Hiti á leiðslunum má ekki vera yfir 20 C þegar lagt er en eftir 7 daga má hefja hitun hægt og rólega. Hitastigið í leiðslunum skal ekki vera yfir 55 C yfir lengri tíma við notkun.

Anhydritlistinn þarf að jafnaði að vera minnst 10 mm þykkur vegna meiri hitasveiflu.

## 3. EIGINLEIKAR

- Áferð ílagningarinnar ræðst mikið af vinnubrögðum og hve fljótandi hún er. Að jafnaði er yfirborðið örllítið bylgjótt og nægir sléttleikinn ekki til að leggja beint á dúka eða álímt parket en undir flísar eða fljótandi parket hefur hann að jafnaði reynst í lagi.
- Anhydrit harðnar og stífnar eins og steypa. Fyrstu tvær klukkustundirnar er anhydritið fljótandi en fer síðan að stífna og harðna. Eftir sólarhring við stofuhita hefur efnið nægan styrk til unnt sé að ganga og vinna á því en nær fullum styrk á 28 dögum. Anhydritið frá BM Vallá ehf hefur lokastyrk 16 MPa eða AE20 (sívalningabrot).
- Rýrnun minni en 0,2 mm/m
- Varmþenslustuðull < 0,012 mm/m°C
- Varmaleiðnistuðull 1,2 W/m °C

## 4. NIÐURLÖGN

- Fyrir niðurlögn þarf að ganga frá hæðarpunktum, undirlaginu og þéttistum.

- Lágmarkshiti við niðurlögn er að jafnaði 5 C og mesti hiti 30 C.
- Blástur eða sólarljós sem gæti þurrkað út ílögnina skal forðast þegar verið er að leggja hana.
- Anhydritinu er að jafnaði dælt með lítilli dælu með meðfærilegum barka.

Hún er höfð fljótandi: sigmálsrennsli milli 210 og 240 mm (mælt með litlu sigmáli).



Of stíf steypa gefur ójafnt yfirborð en ef hún er of blaut er hætt við aðgreiningu og veiku yfirborði.

- Anhydritið er jafnað út með rörasladdara til að fá réttar hæðir og jafnt yfirborð.



## 5. EFTIRMEÐHÖNDLUN OG ÚTÞORNUN

- Fyrstu 3 sólarhringana skal útþornun hindruð (súgur og sólarljós) en eftir það skal ílögnin þurrkuð út. Besta hörðun á sér stað við 20°C en lægra eða hærra hitastig hægir á hörðun.

- Anhydritflögn þarf að slípa til að fjarlægja smáagnir og þar með tryggja góða



viðloðun fyrir gólfefni og til að ná fram þornun.

- Anhydritflögn þornar á svipuðum hraða og sementbundin flögn. Þar munar þó að hægt er að hefja útþornunarferilinn fyrr.
- Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda efna sem líma skal á eins og flísar. Yfirleitt þarf að grunna undir lím.